

Marion Lerner

– Háskóla Íslands –

## Fram í sviðsljósið

### Sýnileiki, íhlutun, blöndun og skjönun sem aðferðir í femínískri og hinsegin þýðingafræði

#### 1. Inngangur

Þýðingar og þýðingavinna eru alls ekki laus við pólitík. Öðru nær, þýðingar eru hluti af orðræðu samfélagsins og geta verið hluti af samfélagsdeilum. Þótt leikmenn haldi kannski að þýðendur og aðrir sem koma að texta-gerð eigi að vera hlutlausir er raunin sú að þýðingastarfsemi getur verið hápólitísk. Þýðingafræðingurinn André Lefevere setti þýðingar undir sama hatt og aðrar endurritunaraðferðir, svo sem endurútgáfur, safnrit, uppflettrit, ritrýni en einnig kvikmyndun o.s.frv., og áleit endurritun vera skilvirka aðferð til hagræðingar (e. *manipulation*), undirorpna valdi velunnarakerfis (e. *patronage*) sem ákveður hvað verður birt hvenær og hvernig.<sup>1</sup> Velunnarakerfið samanstendur af einstaklingum eða hópum (jafnvel ríkisvaldi) sem ráða yfir auðlindum og hafa valdið í höndum sér. Ritskoðun er ein birtingarmynd af mörgum þar sem þetta vald verður áþreifanlegt en sjálfritskoðun er framlenging á því.<sup>2</sup> Þýðingar sem og aðrar endurritanir eru þar að auki ídulega tengdar ríkjandi hugmyndafræði og skáldskaparfræði hvers tíma og samfélags en þetta vald er ekki eins auðþekkjanlegt og áþreifanlegt og t.d. formlegt ritskoðunarvald. Þýðendur og útgefendur velja ekki einungis texta heldur grípa líka inn í þá. Það dugir að benda á lítið dæmi á borð við þýsku þýðinguna á *Sögunni af bláa hnettinum* eftir Andra Snæ Magnason þar sem það þótti ekki við hæfi að slátra og borða sel enda

1 André Lefevere, *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*, þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir, Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013.

2 Maria Tymoczko, „Censorship and self-censorship in translation: Ethics and ideology, resistance and collusion”, *Translation and Censorship. Patterns of Communication and Interference*, ritstj. Eiléan Ní Chuilleanáin og David Parris, Dublin: Four Courts Press, 2009, bls. 24–45.

er slíkt, skv. þýskri umhverfisstefnu og ríkjandi andúð á seladrápi, algjört tabú, hvað þá í barnabók.<sup>1</sup> Þýðingastarfsemi er því aldrei hlutlaus og það væri barnalegt að halda að í þýðingum felist einfaldar yfirfærslur þar sem niðurstaðan væri bein afritun texta án íhlutunar. Hins vegar er oftast, af ýmsum ástæðum, þagað um þessa íhlutun.

Á stundum geta þýðingar átt afar mikinn þátt í stjórnmalahræringum og samfélagsbreytingum. Andspyrnuhreyfingar eða frjáls félagasamtök reida sig á þýðingar eða þurfa að koma skilaboðum sínum á framfæri með aðstoð þýðenda og túlka.<sup>2</sup> Nýjar stefnur og straumar í samfélagsumræðu, vísindastarfi, listum, menningu o.s.frv. myndast oft en ekki í gegnum þýðingar á milli tungumála og menningarsvæða. Það er því alls ekki sama hver þýðir fyrir hvern og í hvaða tilgangi. Kvinnabaráttan eða femínískar og hinsegin hreyfingar 20. og 21. aldar eru þar engin undantekning. Þær eru í raun partur af alþjóðlegum hreyfingum og hugmyndafræði þeirra getur haft mikil áhrif á textagerð, ekki síst þegar baráttan beinist einmitt að því að gera konur eða hinsegin fólk sýnilegt í samfélaginu eða taka upp hanskann fyrir þau. Hins vegar sárvantar þýðingafræðilegar rannsóknir á bæði femínískri og hinsegin þýðingastarfsemi á íslensku og er þá átt við ýmis svið þar sem textar verða til, svo sem stjórnmal, aktífisma, fræðaiðkun, blaðamennsku, bókmenntir, listsköpun o.fl. Þessi grein getur ekki bætt úr þeirri vöntun en hún getur kynnt rannsóknir og umræður um femínískar og hinsegin þýðingaradferðir og -stefnur úr öðrum tungumálum og gert þær þannig aðgengilegar. Með því er þessari grein ætlað að virkja orðræðuna og hvetja til rannsókna á íslensku efni eða í íslensku samhengi.

## 2. Ósýnileiki, ójöfnuður og vald í þýðingum

André Lefevere bendir einnig á að höfundur og þýðandi sitja yfirleitt ekki við sama borð. Þýðendum eru iðulega sett miklu skýrari hugmyndafræðileg takmörk en frumhöfundum. Lawrence Venuti kemst að sömu niðurstöðu í áhrifamikilli bók sinni um *Ósýnileika þýðandans*.<sup>3</sup> Röksemdafærsla hans gengur út á það að þýðendur njóti ekki sama frelsis og frumhöfundar til að grípa til óvenjulegs eða framandi orðalags eða málfars, framúrstefnulegs stíls o.s.frv. Kröfurnar sem gerðar eru til þýðenda feli frekar í sér að skila auðlæsilegum textum sem bera helst lítil sem engin merki þess að

1 Andri Snær Magnason, *Die Geschichte vom blauen Planeten*, þýð. Andreas Blum, Leipzig: Leipziger Kinderbuchverlag, 2010.

2 *Translating Dissent. Voices from and with the Egyptian revolution*, ritstj. Mona Baker, New York og London: Routledge, 2016.

3 Lawrence Venuti, *The Translator's Invisibility: A History of Translation*, London og New York: Routledge, 1995.

vera þýðingar. Þótt Venuti byggi skrif sín á rannsóknum á bresk-bandarískum bókmenntum má einnig yfirfæra þau á önnur bókmenntakerfi og tungumál, þar með talið það íslenska. Þannig þykja lipurð og reiprennsli almennt gæðamerki á þýddum textum, alveg óháð því hvernig frumtextar líta út. Eins og Ástráður Eysteinnsson bendir á í bók sinni *Tvímæli* hvetur Venuti til viðnáms og mælir með þýðingaraðferðum á borð við útlenskun (e. *foreignizing*) þar sem hið framandlega er gert sýnilegt í stað þess að það hverfi í aðlöguðum textum þar sem fagurfræðileg, siðfræðileg og önnur viðmið markmenningarinnar eru ráðandi.<sup>1</sup> Ástráður telur líka nauðsynlegt að upphelja orðspor „orðréttra þýðinga“ sem megi þó ekki rugla saman við „bókstafsþýðingar“.<sup>2</sup> Þar á hann við að þýðing sé unnin á grundvelli samanburðar orða og orðalags hverju sinni en þannig þýðingar geta að hans mati leitt til frumleika og nýsköpunar.

Segja má að Venuti taki að hluta til upp stefnu þýska hugsuðarins Friedrichs Schleiermacher sem í ræðu sinni *Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir* (1813) mælti sérstaklega með því að láta hið framandi skína í gegn í þýddum textum.<sup>3</sup> Á meðan markmiðið hjá Schleiermacher var aðallega að safna saman á einn stað eða í eina tungu (þ.e. þá þýsku) fjársjóði bókmennta og hugvísinda alls staðar að úr heiminum og auðga þar með tungumál og menningu þeirrar þjóðar sem tekur við verkunum, er markmiðið hjá Venuti ekki einungis menningarpólitískt heldur einkum valdapólitískt. Hann tekur iðulega mjög gagnrýna afstöðu til valdbeitingar og yfirráða í heiminum og hvetur til viðnáms á ýmsum sviðum.<sup>4</sup> Hann brýnir m.a. fyrir fræðimönnum að skoða þýðingastarfsemi með það í huga „hvað hún geri“ eða hvaða áhrif hún hafi á bókmenntaverk sem og nytja- og tæknitexta og þar með á líf fólks og samspil valdaaflanna í heiminum.<sup>5</sup> Einnig túlkar hann ákvarðanir um og val á þýðingarefni af hálfu útgefenda eða þýðenda sem pólitískt athæfi. Með ákveðnum vinnubrögðum og þýðingaraðferðum á borð við útlenskun er að hans mati einnig hægt að koma í veg fyrir hinn ævarandi ósýnileika þýðandans. Þessi ósýnileiki grefur að mati Venutis einnig undan félagslegri stöðu þýðandans. Þannig hefur það í aldanna rás tíðkast að þegja frekar um vinnu þýðandans en hitt og nefna hann eða hana ekki einu sinni á nafn í prentuðum heimildum.

1 Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996, bls. 137.

2 Sama rit, bls. 138.

3 Friedrich Schleiermacher, „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir“, þýð. Martin Ringmar, *Jón á Bægisá. Tímarit um þýðingar* 14/2010, bls. 5–29.

4 Lawrence Venuti, „Translation, simulacra, resistance“, *Translation Changes Everything. Theory and Practice*, London og New York: Routledge, 2013, bls. 141–157.

5 Sama rit, bls. 156.

Höfundur og þýðandi eru í afar mismunandi stöðu. Verk þeirra eru álitin vera frumverk höfunda annars vegar en afleidd verk þýðenda hins vegar, þ.e. ef hin síðarnefndu eru yfirhöfuð viðurkennd sem sjálfstæð verk en ekki talin vera niðurstaða vélræns yfirfærsluferlis. Lori Chamberlain lagði þegar á árinu 1988 fram mjög vandaða rannsókn á einmitt þessum mismun og kynjatengslum hans.<sup>1</sup> Hún bendir á að vinna rithöfunda sé iðulega tengd við frumsköpun á meðan vinna þýðenda sé tengd við endursköpun. Önnur er sem sagt verk einstaklings og nýtur þess að tengjast upphöfnum gildum eins og upprunaleika, sköpunarkrafti og snilligáfu. Hin felst í endurgerð og er því hvorki tengd snilld né upprunaleika heldur þykir vera afurð afleidds (e. *secondary*) vinnuferlis; hún er jafnvel talin hversdagsleg og endurtakanleg. Á meðan vinna frumhöfundar er sömu megin í tvíhyggjukerfi og frumframleiðslan (e. *production*) er vinna þýðanda staðsett með endurframleiðslu (e. *reproduction*). Eins og femínistar og kynjafræðingar hafa margoft sýnt fram á og gagnrýnt er þessi skipting, sem einkennir nútímasamfélög, allt annað en hlutlaus; hún er kynjuð á þann hátt að svið frumframleiðslunnar er tengt karlkyni en svið endurframleiðslunnar kvenkyni. Verðmatið á vinnunni er í samræmi við það og hallar mjög á kvenlega sviðið. Það er næstum því óþarfi að benda á síendurteknar opinberar umræður um illa launuð og lítt viðurkennd „kvennastörf“. Samkvæmt þessu kerfi er rithöfundur staðsettur karlamegin á meðan þýðandi er staðsettur kvennamegin. Það sama gildir um afurðirnar; frumtexti er karllægur og ráðandi en marktæki getur þá ekki verið annað en kvenlægur og undirskipaður. Fleiri möguleika leyfir kerfið ekki. Þar af leiðandi er frumtexti óumdeilanlega viðmiðið og marktætt er háður því viðmiði.

Chamberlain hefur sýnt fram á að þetta er ekki einungis spurning um fagurfræði, myndlíkingar og slík huglæg fyrirbæri heldur hefur þessi tvískipting áþreifanlegar lögfræðilegar, félagsfræðilegar og hagfræðilegar afleiðingar. Staða þýðandans, sem alloft er kona þótt orðið bendi ekki endilega til þess, er veik í ýmsu tilliti.<sup>2</sup> Til að mynda er höfundarréttur þýðenda eða verka þeirra langt frá því eins tryggður og þegar um frumsamin verk er að ræða, laun eru lág, vinnuöryggið lítið sem ekkert, tímaramminn ávallt knappur og lítil virðing borin fyrir verkefnum þýðandans. Þýðingarstarfið fer gjarnan fram í skugga eða áður nefndum ósýnileika. Vel þekkt er klisjan um kvenþýðandann sem situr í ígripavinnu við eldhúsborðið á

1 Lori Chamberlain, „Gender and the Metaphors of Translation“, *The Translation Studies Reader*, ritstj. Lawrence Venuti, London og New York: Routledge, 2012, bls. 254–268.

2 Christina Schaeffner, „Women as translators, as translation trainers, and as translation scholars“, *Women's Studies International Forum*, 40/2013, bls. 144–151.

milli heimilisstarfa en sú mynd lýsir stöðunni nokkuð nákvæmlega þar sem þýðingastarfið er háð svipuðum aðstæðum og önnur kvennastörf. Menntun, færni og reynsla (kven)þýðandans eru oftar en ekki vanmetin og ekki einu sinni hið fræga sérherbergi er til staðar – og þá hvorki í eiginlegri né yfirfærðri merkingu.<sup>1</sup> Niðurstöður úr könnun, sem austurríski þýðingafræðingurinn Michaela Wolf gerði, sýna m.a. að nútímasamskiptatækni hefur alls ekki bætt stöðu kvenþýðenda sem vinna oftar en ekki heima hjá sér og einangrast félagslega.<sup>2</sup>

Greining Chamberlains kom fram á tímum þegar femínísk sjónarmið ruddu sér til rúms í vestrænum samfélögum, í opinberri umræðu sem og innan fræðanna. Þannig varð mikil gróska í femínískri þýðingafræði á tíunda áratug 20. aldar þar sem hugmyndum úr kvenna- og kynjafræðum var beitt á sviði þýðinga. Þessar nýju áherslur komu samt ekki upp úr þurru. Þær voru nátengdar þeim breytingum sem þýðingafræðin, eins og önnur félags- og hugvísindi, undirgekkst í kjölfar hinna svonefnda menningarharva (e. *the cultural turns*) eða upp úr níunda áratug 20. aldar.<sup>3</sup> Á vettvangi þýðingafræði fólust þau í því að í fræðilegri athugun var ekki lengur einblínt á texta- og málfræðilega þætti, samanburð tveggja texta eða tungumála sem og hugtök á borð við upprunaleika (e. *originality*) og jafngildi (e. *equivalence*). Í staðinn færðist athyglin yfir á ýmsa þætti í menningarlegri umgjörð textanna og þátttakenda í samskiptaferlinu og þar með t.d. á hugtök eins og vald, sjálfsmynd, annarleika (e. *otherness*) og framsetningu (e. *representation*). Susan Bassnett og André Lefevere bentu þegar árið 1990 á nýjar rannsóknarspurningar sem vöknudu í tengslum við þessa tilfærslu.<sup>4</sup> Einnig bentu þau á að samskipti á milli menningarheima ættu sér sjaldan stað á láréttum ás, þ.e. sem samskipti á milli jafningja, heldur oftar en ekki á hinum lóðrétta. Þannig er valdaójafnvægi svo að segja innbyggð í samskiptakerfið. Með tilliti til þessarar orðræðu hefur þýðingafræðin þurft að færa sig „frá athugun formlegra þátta til umfangsmeiri viðfangsefna samhengis, sögu og hefðar“ eins og Bassnett og Lefevere orða

1 Virginia Woolf, *Sérherbergi*, þýð. Helga Kress, Reykjavík: Svart á hvítu, 1983.

2 Michaela Wolf, „The Creation of a „Room of One’s Own“, Feminist Translators as Mediators between Cultures and Genders“, *Gender, Sex and Translation. The Manipulation of Identities*, ritstj. José Santaemilia, Manchester: St. Jerome, 2005, bls. 15–25.

3 Doris Bachmann-Medick, *Cultural Turns: Neuorientierungen in den Kulturwissenschaften*, Hamburg: Rowohlt, 2006, bls. 139; Michaela Wolf, *Die vielsprachige Seele Kakaniens: Übersetzen und Dolmetschen in der Habsburgermonarchie 1848 bis 1918*, Wien, Köln og Weimar: Böhlau, bls. 37.

4 Susan Bassnett og André Lefevere, „Proust’s Grandmother and the Thousand and One Nights: The Cultural Turn in Translation Studies“, *Translation, History and Culture*, ritstj. Susan Bassnett og André Lefevere, London: Cassell, 1990, bls. 1–13.

það.<sup>1</sup> Sem dæmi um það hvernig ójöfnuður á milli menningarheima kemur við sögu í þýðingum má nefna að þýðendur og útgefendur ætla sér ósjaldan að „upphefa“ frumtextann og frumhöfundinn með því að færa hann úr (fyrirverandi) nýlendumáli og tilheyrandi samhengi inn í það sem álitid er vera menning á hærra stigi eða einfaldlega inn í ráðandi menningu. Að sama skapi eiga „herrabjóðir“ það til að eigna sér bókmenntir nýlendna eða annarra jafnarsettra svæða og túlka þær sem eins konar herfang.<sup>2</sup>

### 3. *Femínísk þýðingafræði*

Femíníska endurskoðunin sem hófst á níunda áratugnum beindist þá, og gerir það enn í dag, að nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi er reynt að gera kvenþýðendur og verk þeirra sýnilegri út á við með rannsóknum, greinaskrifum, útgáfum og endurútgáfum, líkt og bókmenntafræðingar og sagnfræðingar gera á sínu fræðasviði.<sup>3</sup> Í öðru lagi eru þýðingar á höfundarverkum áhrifamikilla kvenna (rithöfunda jafnt og fræðikvenna) skoðaðar eða endurskoðaðar og gagnrýndar.<sup>4</sup> Í kjölfar þýðingarýni af þessu tagi er jafnvel ráðist í nýjar og endurbættar þýðingar. Sem dæmi má nefna nýju ensku þýðinguna á *Hinu kyninu* eftir Simone de Beauvoir þar sem bandaríska frumþýðingin frá sjötta áratugnum hefur sætt mikilli gagnrýni og má næstum því kalla afskræmingu á þessu áhrifamikla verki franska heimspekingsins.<sup>5</sup> Í þriðja lagi skoða fræðikonur þýðingaradferðir og beita femínískri aðferðafræði í rannsóknum á fyrirbyggjandi þýðingum sem og í eigin þýðingum eða lýsingum á þýðingarferlinu.<sup>6</sup> Síðast en ekki síst er orðræðan um þýðingar skoðuð í sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi, í fjölmiðlum og innan fræðanna.<sup>7</sup>

1 Sama rit, bls. 11.

2 Ástráður Eysteinnsson, *Tvímalí*, bls. 170.

3 *Translation and Gender: Translating in the 'Era of Feminism'*, ritstj. Luise von Flotow, Manchester: St. Jerome, 1997.

4 Pilar Godayol, „Three feminist classics in Catalan, Galician and Spanish: Charlotte Perkins Gilman, Virginia Woolf and Betty Friedan“, *Women's Studies International Forum*, 42/2014, bls. 77–86; *Translating Women*, ritstj. Luise von Flotow, Ottawa: University Press, 2011; *Translating Women: Different Voices and New Horizons*, ritstj. Luise von Flotow og Farzaneh Farahzad, London og New York: Routledge, 2017.

5 Anna Bogic, „Why Philosophy Went Missing: Understanding the English Version of Simone de Beauvoir's *Le deuxième sexe*“, *Translating Women*, 2011, bls. 151–166; Simone de Beauvoir, *The Second Sex*, þýð. Constance Borde og Sheila Malovany-Chevallier, New York: Alfred A. Knopf, 2009.

6 Sherry Simon, *Gender in Translation: Cultural Identity and the Politics of Transmission*, London og New York: Routledge, 1996.

7 Zhongli Yu, *Translating Feminism in China: Gender Sexuality and Censorship*, London og New York: Routledge, 2016.

Á síðustu áratugum 20. aldar var þetta starf sérlega árangursríkt í Quebec í Kanada og enn er titið þangað í leit að fyrirmyndum og innblæstri. Kvenþýðendur, kvenrithöfundar og fræðikonur unnu þar í tví-mála umhverfi og gátu tvinnað saman viðtökur á frönskum (femínískum) skrifum og norðuramerískri femínískri orðræðu, auk þess að láta fræði og framkvæmd fara saman.<sup>1</sup> Athygli femínista beindist á þessum tíma einkum að sjálfsmynd kvenna og í raun kynjanna beggja og ójafnri stöðu þeirra. Þó að femínismi samanstandi af ýmsum stefnum eða hugmyndafræðilegum og sögulegum útfærslum má samt halda því fram að það sem hann sameinast um sé pólitískt sjónarmið sem gengur út frá því að konur búi ekki við sömu tækifæri í samfélaginu og karlmenn og miðar að því að bæta úr þeirri stöðu eftir ýmsum leiðum, þar á meðal með gagnrýni og rannsóknum.<sup>2</sup>

### 3.1. Femínískar þýðingaradferðir

Hér á eftir verða ræddar ýmsar þýðingaradferðir sem femínískir þýðendur og fræðikonur þróuðu eða beittu við vinnu sína en eins og fram mun koma síðar í þessari grein urðu þessar aðferðir einnig fyrirmyndir í hinsegin þýðingastarfsemi og fræðaiðkun. Til að setja aðferðirnar í ákveðið kerfi er hægt að styðjast við flokkun sem Françoise Messardier-Kennedy setti fram.<sup>3</sup> Hún flokkar aðferðirnar í höfundarmiðaðar (e. *author-centered*) annars vegar og þýðandamiðaðar (e. *translator-centered*) hins vegar. Í fyrri flokkinn setur hún viðleitni til að endurheimta eða bjarga texta (e. *recovery*), aðferðir sem bæta við athugasemdum (e. *commentary*) og aðferðir sem veita viðnám (e. *resistancy*). Í seinni flokknum má aftur finna aðferðir sem bæta við athugasemdum en einnig notkun samhliða texta (e. *parallel texts*) og síðast en ekki síst samvinnu (e. *collaboration*). Messardier-Kennedy bendir einnig á – og það er hægt að taka undir með henni – að flestar aðferðirnar eru sem slíkar alls ekki nýjar af nálinni, því hægt er að finna svipað verklag víðar í skrifum þýðenda og fræðimanna. Það sem skiptir máli er hins vegar að þær eru markvisst notaðar í femínískum, þ.e. (kvenna)pólitískum, tilgangi.

Hér að ofan voru nefnd nokkur dæmi um starfsemi sem miðar að því að endurheimta og bjarga texta. Það er því hægt að vinda sér beint í umræðu um aðferðir sem bæta við athugasemdum og veita viðnám. Hér má nefna íhlutunaraðferðir sem grafa undan karlrembu- eða kvenhatursorðræðu í textum eftir karlmenn þar sem kvenþýðandinn tekur sér

1 Susan Bassnett, *Translation Studies*, London og New York: Routledge, 2014, bls. 61–65.

2 Sigríður Þorgeirsdóttir, „Um meintan dauða femínismans“, *Ritið* 2/2002, bls. 77–101.

3 Françoise Messardier-Kennedy, „Towards a Redefinition of Feminist Translation Practice“, *The Translator* 3:1/1997, bls. 55–69.

þann rétt að grípa inn í, draga úr eða bæta við út frá hugmyndafræðilegri sannfæringu sinni og textagreiningu. Dæmi um þess konar þýðingastarfsemi má finna hjá Carol Maier, Suzanne Jill Levine og Susanne de Lotbinière-Harwood.<sup>1</sup> Levine færir rök að því að þýðing sé óhjákvæmilega endurlestur og ný túlkun enda sé textinn færður í nýtt samhengi og því *megi* þýðandi ekki bara heldur *verði* að grafa undan upprunatextanum (e. *subvert the original*).<sup>2</sup> Hún þýddi „kúgandi karllægar“ (e. *oppressively male*) bækur en greindi frá því að karlhöfundarnir væru í þeim sjálfir að grafa undan tungumálanotkun og menningu samfélagsins. Þegar hún þýðir setningu á borð við „no one man can rape a woman“ sem „no wee man can rape a woman“ sé kvenþýðandinn ekki svikari (*traduttora traditora*, eins og kaffaheitið gefur í skyn) heldur að nota sömu nístandi aðferð (stuðlun og kaldhæðni í þessu dæmi) sem frumhöfundur notar í texta sínum.<sup>3</sup> Með aðferðum sem þessum eigna kvenþýðendur sér orðræðuna og að hluta til frumtextana en af þeim sökum kallar Luise von Flotow þær *hijacking* eða yfirtöku. Sherry Simon telur þá nafngift aftur á móti óheppilega enda miði þessar þýðingar eins og aðrar að því að útvíkka og þróa áform frumtextanna en ekki að skaða þá eða sölsa þá undir sig.<sup>4</sup> Françoise Messardier-Kennedy tekur í sama streng og bendir á að orðalag af þessu tagi ýti undir fordóma gagnvart femínískri þýðingastarfsemi. Í raun sé miðað að því að gera hið kvenlega sýnilegt í tungumálinu og kvengera texta.<sup>5</sup>

Kanadíski þýðandinn og fræðikonan Barbara Godard var mjög gagnrýnin á ráðandi jafngildiskenningar innan þýðingafraeði og vildi frekar ganga út frá hugmyndum um textatengsl og paródíu. Hún lagði einkum áherslu á það sem ólíkt er í samhengi textanna tveggja, þ.e. frum- og marktans, frekar en nauðsyn þess að finna jafngildi á milli þeirra. Þýðing er að hennar mati endurritunaraðferð þar sem nýr texti verður til á eigin forsendum, þess vegna setur hún muninn í fyrirrúmið. Þar af leiðandi er munur eða jafnvel mismunur (e. *difference*) alls ekki neikvætt hugtak í skrifum Godards, öllu heldur fær það jákvæða merkingu.<sup>6</sup> Þegar áhersla er lögð á það sem ólíkt er, fær sýnileiki þýðandans sem og sköpunar-

1 von Flotow, *Translation and Gender*, bls. 25–30.

2 Suzanne Jill Levine, „Translation As (Sub) Version: On Translating Infante’s *Inferno*“, *SubStance*, 13/1 (42), 1984, bls. 85–94.

3 Sama rit, bls. 92; Sjá einnig: Suzanne Jill Levine, *The Subversive Scribe. Translating Latin American Fiction*, Champaign og London: Dalkey Archive Press, 2009 (1991).

4 Simon, *Gender in Translation*, bls. 16.

5 Messardier-Kennedy, „Towards a Redefinition of Feminist Translation Practice“, bls. 55–69.

6 Barbara Godard, „Theorizing Feminist Discourse/Translation“, *Translation, History and Culture*, ritstj. Susan Bassnett og André Lefevere, London: Cassell, 1990, bls. 87–96.



máttur hans (hennar) einnig aukið vægi og jákvæða merkingu. Femíníski þýðandinn á því að mati Godards alls ekki að reyna að breiða yfir gagnrýna afstöðu sína gagnvart frumtextanum eða þá ánægju sem hún hefur af endurlestri og endurritun.<sup>1</sup> Hún felur sig alls ekki heldur flíkar þvert á móti öllum merkjum um hagræðingu sína á marktexitanum. Þessa aðferð kallar Godard *womanhandling* en hún felur í sér að meðhöndla textann á þann hátt að merkjanleg nærvera kvenþýðandans kemur í stað hógvæðar og lítillætis af hennar hálfu. Á íslensku væri kannski hægt að segja að fara kvenhöndum um textann. Með því er hefðbundnum kröfum um ósýnileikann einmitt snúið við. Kvenþýðandi er þá virkur þátttakandi í sköpun merkingar og leggur greiningu sína opinskátt fyrir lesandann. Hún leyfir sér að setja sitt mark á textann og notar til þess t.d. skáletrun, neðanmálgreinar, formála o.fl. Með þessu er augljóst að hér er um þýðanda-miðaða aðferð að ræða þar sem í marktexitanum má finna athugasemdir, viðbætur og slíkt sem þýðandanum fannst viðeigandi að koma þar fyrir. Textar sem þýðendur, útgefendur eða aðrir bæta við rúmast almennt innan hugtaksins hliðartexti (e. *paratext*), eins og Gérard Genette hefur skilgreint það, þótt hann hafi ekki endilega átt við þýðingar.<sup>2</sup> Hliðartextar geta verið af ýmsum toga, allt frá formálum, neðanmáls- eða aftanmálgreinum til nafna- eða hugtakaskráa. Fleiri hliðartexta má finna utan marktexitans, svo sem greinaskrif, viðtöl, dagbækur o.s.frv.

Barbara Godard notaði aðferðirnar sem hún mælti með í eigin þýðingum á textum eftir kanadíska rithöfundinn Nicole Brossard þar sem hún lét m.a. formála með útskýringum fylgja.<sup>3</sup> Auk þess mælti hún með þýðingardagbókum til birtingar. Með því að gefa þýðandanum sterka rödd og áberandi nærveru í textanum færir hún einnig rök fyrir því að túlka megi femínískar þýðingar sem ummyndun (e. *transformance*) og eins konar gjörning (e. *mode of performance*). Ef þýðing er skilin sem gjörningur skýrir það sig sjálft að ekki er hægt að tala um einungis eina jafngilda eða „réttá“ þýðingu. Frekar má þá skilja þýðingarferlið sem einstaklingsbundna mótun texta sem sprottinn er af öðrum texta en samkvæmt stefnu Godards og annarra femínista má einstaklingurinn og vinna hans (hennar) vera vel merkjanleg í afurðinni, eins og nefnt hefur verið áður. Sherry Simon metur þýðingar Godards á þann veg að íhlutunarstefna hennar spretti upp úr frumtextunum sjálfum. Þýðingin fylgi frekar merkingarhættinum (e.

1 Sama rit, bls. 94.

2 Gérard Genette, *Paratexts. Thresholds of interpretation*, þýð. Jane E. Lewin, Cambridge og New York: Cambridge University Press, 1997.

3 Barbara Godard, formáli að Nichole Brossard, *Lovers*, þýð. Barbara Godard, Montreal: Guernica, 1987, bls. 7–12; og formáli Godard að Nichole Brossard, *Picture Theory*, þýð. Barbara Godard, Toronto o.fl.: Guernica, 2006, bls. 7–12.

*mode of meaning*) sem frumhöfundur hefur skapað en afleiddum yfirborðs-fyrirbærum.<sup>1</sup> Þess vegna feli þýðingaraðferðir Godards einnig í sér grafíska framsetningu sem leyfist því fremur sem Brossard sjálf notaði líka grafískar aðferðir til að brjóta upp textann og flækja vísvitandi sjónrænt yfirbragð hans.

Françoise Messardier-Kennedy nefnir samhliða texta og samvinnu sérstaklega sem þýðendamiðaðar aðferðir í femínískum tilgangi. Samhliða texta (e. *parallel texts*) skilgreinir hún sem texta af sömu bókmenntategund á markmáli eða texta sem hafa orðið til við svipaðar aðstæður og frumtextinn.<sup>2</sup> Hér gefst tækifæri til að skerpa textatengslin þvert yfir mörk tungumálanna og sækja t.d. af kappi í texta kvenhöfunda og kvenþýðenda. Einnig getur þessi aðferð átt þátt í því að steypa frumtextanum úr hásæti sínu þar sem hann sýnist ávallt drottna yfir þýðingaferlinu, enda koma oftast en ekki fleiri textar að ferlinu en einungis þessir tveir, frumtexti og marktætti. Áhugaverð er samvinnuáðferðin sem Messardier-Kennedy mælir með. Hér er átt við samvinnu tveggja eða fleiri þýðenda um sama verkefnið en einnig samvinnu höfundar og þýðanda eða þýðenda. Í svipaða átt vísar umfjöllun Karin Littau um stíklutexta (e. *hypertext*) þótt hún setti hana ekki fram í femínísku samhengi.<sup>3</sup> Þessir yfirleitt rafrænu textar bjóða upp á þann möguleika að kalla fram fjölda þýðinga á sama frumtexta og veita lesendum um leið aðgang að sögu þessara margbreytilegu marktætti. Þegar margar útgáfur af einum texta eða mörgum textum eru látnar birtast á skjánum er neytandanum gert ótvírætt ljóst að hinn fullkomni og endanlegi marktætti er ekkert nema óskhyggja. Þvert á móti raðast upp fyrir framan hann fjöldi mögulegra þýðinga (e. *seriality of translation*) og hugsanlega einnig fjöldi þýðenda en um leið er honum bent á þann möguleika að frumtextinn gæti ekki heldur verið endanlegur og óhagganlegur.<sup>4</sup>

Að mati Messardier-Kennedy felur samvinna í femínísku þýðingasmhengi í sér að þýðandinn heimtar atbeina (e. *agency*) í metaorðræðunni, beinir athyglinni að tilurð nýrrar hefðar en forðast að sama skapi hina hefðbundnu tvíhyggju höfundar og þýðanda sem keppast um að stjórna merkingunni.<sup>5</sup> Samvinna við aðra þýðendur undirstrikar að iðulega þarf að semja um merkinguna enda túlka ólíkir þýðendur sama textann á mis-

1 Simon, *Gender in Translation*, bls. 26.

2 Messardier-Kennedy, „Towards a Redefinition of Feminist Translation Practice“, bls. 64.

3 Karin Littau, „Translation in the Age of Postmodern Production: From Text to Inter-text to Hypertext“, *The Translation Studies Reader*, ritstj. Lawrence Venuti, London og New York: Routledge, 2012, bls. 433–448.

4 Sama rit, bls. 445.

5 Messardier-Kennedy, „Towards a Redefinition of Feminist Translation Practice“, bls. 65.

munandi hátt. Í lok greinarinnar veltir Messardier-Kennedy upp þeirri áhugaverðu spurningu hvort femínísk nálgun felist ekki í fyrsta lagi í því að skilja hvernig orðræðan smíðar eða afbyggir kyngervi og í öðru lagi í því að leitast við að forðast skiptingu í tvenndarpör á borð við höfundur/þýðandi, höfundur/lesandi, frumtexti/marktexti, frumsamhengi/marksamhengi o.s.frv.

### 3.2. Málfræðilega kynið í femínískum þýðingum

Aðferðir þar sem hið málfræðilega kyn er í brennidepli eru mjög fram-sækjar en í þeim felast inngríp í textann þar sem þýðandi ákveður að eiga þurfi við málfræðilega kynið. Á íslensku hefur þeirrar umræðu aðeins orðið vart í sambandi við biblíuþýðingar en hún bíður enn nánari þýðingafraeðilegrar útfærslu sem og umræðu í tengslum við aðrar textategundir.<sup>1</sup> Einnig sárvantar rannsóknir á þýðingum á íslensku og þá úr mismunandi tungumálum með spurningar um meðferð á málfræðilega kyninu í huga.

Gengið er út frá því að jafnvel í tungumálum eins og ensku, þar sem er strangt til tekið ekkert málfræðilegt kyn til staðar og karlkynið er álitíð vera ómarkaða kynið (þ.e. að það geti náð utan um öll kynin án aukamerkingar), virki kynjanotkunin aðgreinandi og geti falið í sér mismunun og útilokun.<sup>2</sup> Þýðingar á milli tungumála með mismunandi kerfi eru í þessu tilliti mörgum vandkvæðum bundnar. Kvenþýðendur sem beita femínískri aðferðafræði og vilja stuðla að ákveðnum skilaboðum þurfa því stundum að fara óhefðbundnar leiðir. Sem dæmi má nefna Susanne de Lotbinière-Harwood og þýðingar hennar á textum eftir Michèle Causse. Frumhöfundurinn kvengerði frönsk orð sem venjulega voru ekki til í kvenkyni og þýðandinn þurfti því að koma með nýjar lausnir á ensku enda fólust sterk skilaboð höfundar í kvengerðu tungumálinu. Auk þess að búa til ný orð eða beita þeim gömlu á nýjan hátt notaði hún einnig feitletrun, hástafi og annað slíkt til að beina sjónum markvisst að kynjamálunum, t.d. í setningum á borð við „A mute one speaks to a deaf one“, þar sem *one* vísar til kvengeranda á meðan *one* er ómarkað, eða í titlum eins og „HuMan Rights“ þar sem áhersla er lögð á mismunandi stöðu kynjanna eða þá staðreynd að mannréttindi spruttu út frá karllægum sjónarmiðum.<sup>3</sup> Þýðingarstefnu sína í sambandi við texta eftir Brossard útskýrir de Lotbinière-Harwood á þann hátt að hún vildi t.d. stafa orðið „author“ sem „auther“ í þeim tilgangi að skila kvengerðu merkingunni á franska orðinu

1 Guðrún Kvaran, „Nýrri biblíuþýðingu lokið. Verklag og viðbrögð“, *Glíman við orðin*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnúsonar í íslenskum fræðum, 2013, bls. 251–301.

2 Simon, *Gender in Translation*, bls. 19.

3 Sama rit, bls. 21.

„auteure“ sem femínistar í Quebec höfðu búið til og notað. Hið fallega orð „amante“, sem merkir lesbísk ástkona, þýddi hún sem „shelove“. Til að erótísera hina framandi tungu enn frekar vísaði hún í orðið „dawn“, sem er kvenkyns á frönsku, með fornafninu „she“ í þessari setningu: „Dawn attracts, this is certain, dawn fascinates. She is at the edge of the night, at the edge of the soul a quiet certitude ...“<sup>1</sup> Þó að ensk málfræði bjóði yfirleitt ekki upp á það leggur þýðandinn í marktöxtanum afdráttarlaust áherslu á að merkja kyngervi persónanna og draga þannig fram í dagsljósið tengslin þeirra á milli. Eða eins og hún segir, með því að kvengera orðin veitir hún lesendum markmálsins tækfæri til að bera kennsl á hið kvenlæga og lesbíska í textanum.<sup>2</sup>

Aðferðir eins og þær sem tæpt var á hér að framan vísa í allt aðra átt en almenn viðmið um læsilega reiprennslistexta og ósýnileika þýðandans kveða á um. Því gera þær kröfur til lesandans sem þarf að leggja nokkuð á sig í viðtökuferlinu. Að sama skapi koma þær í veg fyrir að marktöxtinn sé túlkaður sem einföld afritun frumtextans eða afurð vélrænnar yfirfærslu. Marktöxtinn verður þess í stað augljóslega niðurstaða viðtæks og frjós sköpunarferlis og kvenþýðandinn er ekki síður skapandi en endurskapandi sjálfsværa innan þess. Í áður nefndri könnun þýðingafræðingsins Michaela Wolf kemur fram að þó að (kven)þýðendur bókmenntatexta stefni markvisst að því að nota t.d. tungumál án aðgreiningar (e. *inclusive language*) eða aðferðir sem gera konur vísitandi sýnilegar, mæta þær (þeir) oftast en ekki litlum skilningi af hálfu yfirlesara og útgefenda.<sup>3</sup> Á þýskum bókamarkaði sé það einungis á mjög afmörkuðu sviði, þ.e. í kvennabókmenntum eða lesbískum bókmenntum, einnig í spennusögum með kvenhetjum í brennidepli, sem femínískum þýðingaradferðum sé beitt eða þær öllu heldur látnar afskiptalausar. Þegar horft sé á þýðingar utan bókmennta sé helst að sjá að þýðendur menningarpólítískra texta og auglýsinga beiti viðkomandi aðferðum og þá út frá hugmyndum um pólitíska rétthugsun. Á sviði nytjaþýðinga séu það fyrst og fremst alþjóðlega starfandi stórfyrirtæki eða stofnanir sem gefa út leiðbeiningar handa þýðendum sínum og mæla með tungumáli án aðgreiningar og svipuðum aðferðum. Samtök atvinnuþýðenda hafni hins vegar yfirleitt þýðingaradferðum af þessu tagi og rökstyðji þá afstöðu einkum með reiprennsli og læsileika marktöxtans eða yfirgnæfandi stöðu frumtextans að leiðarljósi.

1 Susanne de Lotbinière-Harwood, „Geo-graphies of Why“, *Culture in Transit: Translating the Literature of Quebec*, ritstj. Sherry Simon, Montreal: Véhicule Press, bls. 165; tilvitnun sótt í Simon, *Gender in Translation*, bls. 21.

2 de Lotbinière-Harwood, „Geo-graphies of Why“, bls. 165.

3 Wolf, „The Creation of a „Room of One’s Own“, *Feminist Translators as Mediators between Cultures and Genders*“, bls. 23.

#### 4. Hinsegin þýðingafræði

Áberandi mikil gróska er í alþjóðlegum hinsegin þýðingafræðirannsóknum um þessar mundir en skýr merki um hana eru ýmsar ráðstefnur sem og nýútkomið greinasafn tileinkað þessu sérsviði.<sup>1</sup> Áður höfðu stakar greinar sem byggðu á lesbíu- og hommafræðum eða hinsegin fræðum ratað í safnrit með lykiltættum í þýðingafræði.<sup>2</sup> Einnig hafa litið dagsins ljós söfn greina sem samdar eru út frá kynjafræðilegu, femínísku og hinsegin sjónarhorni.<sup>3</sup> Nýlega hefur athyglisvert greinasafn bæst við sem sameinar rannsóknir á forsendum eftirlendufræða, femínisma og hinsegin fræða.<sup>4</sup> Það kemur varla á óvart að í hinsegin þýðingafræði er að hluta til svipuð enduruppögnunartefna við lýði og lýst hefur verið varðandi femíníska samhengið hér að framan. Þannig er reynt að gera texta með hinsegin inntaki eða eftir hinsegin höfunda, sem og þýðingar á þeim, aðgengilega eða rýna í þá.<sup>5</sup> Þar sem tortryggni í garð sjálfmynda er eitt lykilatriðanna innan hinsegin fræða er þessu sjónarmiði einnig beint að eigin menningu og meðal annars spurt hvernig „queer/hinsegin“ þýðist á milli tungumála og menningarheima. Þá er í vissum skilningi átt við sjálft orðið en jafnframt koma hér við sögu athuganir á forræði hins vestræna og sérstaklega hins bandaríska menningarheims og tilheyrandi orðræðu.<sup>6</sup>

Á Íslandi eru hinsegin fræði um þessar mundir afar frjó á sviði sagnfræði þar sem nýlega hafa komið út rit um hinsegin málefni og út frá hin-

- 
- 1 *Queer in Translation*, ritstj. B. J. Epstein og Robert Gillett, London og New York: Routledge, 2017.
  - 2 William J. Spurlin, „Queering Translation“, *A Companion to Translation Studies*, ritstj. Sandra Bermann og Catherine Porter, Hoboken: Blackwell-Wiley, 2014, bls. 298–309; Keith Harvey, „Translating Camp Talk: Gay Identities and Cultural Transfer“, *The Translation Studies Reader*, 3. útg., ritstj. Lawrence Venuti, London og New York: Routledge, 2012, bls. 344–364.
  - 3 *Gender, Sex and Translation. The Manipulation of Identities*, ritstj. José Santaemilia, Manchester: St. Jerome, 2005; *Re-engendering Translation: Transcultural Practice, Gender/Sexuality and the Politics of Alterity*, ristj. Christopher Larkosh, 2011.
  - 4 *Feminist Translation Studies. Local and Transnational Perspectives*, ritstj. Olga Castro og Emek Ergun, London og New York: Routledge, 2017.
  - 5 Shalmalee Palekar, „Re-mapping Translation: Queering the Crossroads“, *Queer in Translation*, bls. 8–24.
  - 6 Song Hwee Lim, „How to be Queer in Taiwan: Translation, Appropriation and the Construction of Queer Identity in Taiwan“, *Asia Pacific Queer: Rethinking Gender and Sexualities*, ritstj. Fran Martin o.fl., Champaign: University of Illinois Press, 2008, bls. 235–250; Joanna Mizielinska, „Queering Moominland: The Problems of Translating Queer Theory into a Non-American Context“, *SQS: Journal of Queer Studies in Finland* 1/2006, bls. 87–104; Serena Bassi, „Displacing LGBT. Global Englishes, Activism and Translated Sexualities“, *Feminist Translation Studies. Local and Transnational Perspectives*, bls. 235–248.

segin aðferðafræði.<sup>1</sup> Bókmenntafræðingar innleiddu þegar á tíunda áratug 20. aldar hugtök og hugmyndir hinsegin fræða í hina íslensku orðræðu og ber þar sérstaklega að nefna greinar eftir Geir Svansson sem kynnti ýmis hugtök fyrir íslenskum lesendum.<sup>2</sup> Einnig kallaði femíníski bókmenntafræðingurinn Dagný Kristjánsdóttir þá þegar eftir rannsóknum á hinsegin bókmenntum og skrifaði nokkrar greinar þar sem hún skoðaði íslenskar bókmenntir og listir í hinsegin samhengi.<sup>3</sup> Rannsóknir á sviði þýðingafræði út frá hinsegin aðferðafræði eða einfaldlega á hinsegin efni vantar hins vegar ennþá.

Hinsegin þýðingarýni hefur leitt í ljós þýðingarstefnur þar sem meðvitað eða ómeðvitað eru farnar tvær leiðir: annaðhvort eru hinsegin þættir í textum ýktir eða það er reynt að útmá þá. Dæmi um fyrrnefndu stefnuna er þýðing Willams Butcher á skáldsögu Jules Verne *Around the World in Eighty Days* þar sem skilaboð með kynferðislegri eða samkynhneigðri aukamerkingu eru ýkt á plani tungumálsins en einnig með aðstoð umfangsmikilla hliðartexta.<sup>4</sup> Dæmi um þöggun eru ljóð Saffóar sem í tímans rás hafa verið þýdd á ýmsan hátt, ósjaldan þannig að öll merki um samkynhneigða erótík hafa horfið úr textanum.<sup>5</sup> Fornfræðingurinn Þorsteinn Vilhjálmsson hefur kannað íslenskar þýðingar á ljóðum Saffóar á 19. og 20. öld út frá sjónarhorni klassískra viðtökufraeða og sýnt fram á að í þeim hverfur ekki aðeins hin lesbíska ást, heldur eru í staðinn kölluð fram gagn-

- 1 Íris Ellenberger, „Lesbía verður til. Félagið Íslensk-lesbíska og skörun kynhneigðar og kyn gervis í réttindabaráttu á níunda áratug 20. aldar“, *Saga – tímarit Sögufélags*, 2/2016, bls. 7–53; *Þá veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, ritstj. Ásta Kristín Benediktsdóttir, Íris Ellenberger og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Reykjavík: Sögufélagið, 2017.
- 2 Geir Svansson, „Ósejanleg ást. Hinsegin sögur og hinsegin fræði í íslensku samhengi“, *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, haust 1998, bls. 476–527; „Kynin tvöl kynstrin öll. Um kynusla, kynservisútlaga og efni(s)legar eftirmyndir“, *Flögð og fögur skinn*, ritstj. Jón Proppé o.fl. Reykjavík: Íslenska menningarsamsteypan art.is, 1998, bls. 124–140.
- 3 Dagný Kristjánsdóttir, „Skápur, skápur, herm þú mér ...“, *Undirstraumar. Greinar og fyrirlestrar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 290–296; „Hinsegin raddir. Um sannar og lognar lesbiur í bókmenntum og listum“, *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, haust 2003, bls. 451–481.
- 4 Kieran O’Driscoll, „Around the World in Eighty Gays: Retranslating Jules Verne from Queer Perspective“, *Translation and the (Trans)formation of Identities*, ritstj. D. De Crom, 2008, sótt 2. maí 2017 af <https://www.arts.kuleuven.be/cetra/papers/files/odriscoll.pdf>.
- 5 Deborah Giustini, „From Sappho to present feminist and lesbian writers: translating the past and retranslating the future“, 2015, sótt 2. maí 2017 af [https://www.academia.edu/14509189/Gender\\_and\\_QUEER\\_Identities\\_in\\_Translation.\\_From\\_Sappho\\_to\\_present\\_feminist\\_and\\_lesbian\\_writers\\_translating\\_the\\_past\\_and\\_retranslating\\_the\\_future](https://www.academia.edu/14509189/Gender_and_QUEER_Identities_in_Translation._From_Sappho_to_present_feminist_and_lesbian_writers_translating_the_past_and_retranslating_the_future).

kynhneigð hugrenningatengsl.<sup>1</sup> Einnig hefur hann rakið hvernig þýðingar á þessum textum eru undirorpnaðar ráðandi hugmyndafræði hvers tíma og túlkanir á lífi og skáldskap Saffóar því afar mismundandi.

Eins og femínistar grófu með yfirtökupýðingum sínum undan karlrembu ýmissa texta geta hinsegin þýðendur einnig unnið gegn andhinsegin skilaboðum með því að gera undirliggjandi hinseginfælni augljósa. Hliðstæður má einnig sjá í því að femínistar lögðu áherslu á að kvengera tungumálið en hinsegin þýðendur geta annaðhvort valið að gagnrýna hið tvíkynja norm með því að ýkja það og fletta þannig ofan af því eða að þróa tungumál sem sleppir kyngervi alfarið og reynir að vera kynhlutlaust.

#### 4.1. *Kynjað og kynhlutlaust tungumál*

Þegar gengið er út frá því að kyn, kyngervi, kynverund og kynhneigð séu fljótandi og ekki sé unnt að skorða þau í fastmótuðu tvenndarkerfi beinast sjónir gjarnan að fyrirbærum sem ganga þvert á hefðbundin mörk eða storka venjulegri skynjun og tjáningu fólks. Klæðskipti eru gott dæmi um þetta og því henta þau vel til að afhjúpa kyngervi sem gjörning.<sup>2</sup> Á ýmsum tungumálum bendir forskeytið *trans-* (eða yfir) augljóslega á hliðstæður við þýðingar og býður upp á myndlíkingar þar sem *translation* og *transvestism* eru túlkuð sem aðferðir til að klæða eitthvað eða einhvern, þ.e. texta eða manneskju, í annan búning og færa það þannig yfir í annan veruleika. Emily Rose hefur unnið athyglisverða tilraunapýðingu á franskri sjálfsvísögu frá 17. öld, *Mémoires de l'abbé de Choisy habillé en femme*.<sup>3</sup> Ævisagan skiptist í tvo kafla en í þeim kemur ábótinn Choisy fram sem tvær kvenpersónur, fyrst sem Madame de Sancy sem er karlmaður í dragi en svo sem Comtesse des Barres sem er karlmaður í kvenbúningi, þ.e. hann kemur fram sem kona. Rose valdi mismunandi aðferðir við að þýða þessa tvo kafla og persónur. Markmiðið var að benda á hliðstæður kyngervis og þýðinga sem hvortveggja vinna út frá hugmyndinni um uppruna (e. *original*) og eftirlíkingu (e. *imitation*). Mismunandi meðhöndlun sinni á textanum lýsir hún þannig: Þegar hún þýddi Madame de Sancy leitaðist hún við að klæða Choisy í franskan sautjándualdarbúning og leika sér að sýnileika þýðingastarfsins á meðan hún stefndi að því að grafa leynilega undan kyngervisnorminu með því að afhjúpa tvenndarkerfið. Þegar hún

1 Þorsteinn Vilhjálmsson, „Gyðjunafn, skólastýra, vörumerki sjúkdóms: Saffó á Íslandi á 19. og 20. öld“, *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, bls. 59–106.

2 Judith Butler, *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity*, London og New York: Routledge, 1990.

3 Emily Rose, „Revealing and concealing the masquerade of translation and gender: Double-crossing the text and the body“, *Queer in Translation*, bls. 37–50.

þýddi Comtesse des Barres leitaðist hún hins vegar við að klæða Choisy í enskan tuttugustuáldarbúning og leika sér að ósýnileika þýðingarstarfsins á meðan hún stefndi að því að grafa opinberlega undan kyngervisnorminu með því að fela tvenndarkerfið.<sup>1</sup> Við þýðingavinnu sína studdist Rose að þónokkru leyti við ofangreindar femínískar aðferðir og bætti við þær. Þannig fannst henni að hún þyrfti að nota tungumál sem skilmerkilega tjáði kyngervi aðalpersónunnar. Þar sem sú persóna upplifir sig sem bæði kvenkyns og karlkyns ákvað þýðandinn að nota kynhlutlausu fornöfnin *ze*, *hir* and *hirsself* í stað *helsbe*, *himlher* og *herself/himself*. Hins vegar þarf að gera kvenkynsrödd ábótans sýnilega en það er einungis hægt þegar karlkynsröddin er einnig sýnileg sem slík en ómarkaða kynið dugir hér ekki til. Þar sem enskan býður ekki upp á sömu möguleika og franskan þarf að beita hugmyndaflugi. Rose ákvað því að tákna kyngervið á óhefðbundinn hátt í orðunum sjálfum með því að nota bókstafi ásamt kynjatáknum (♂, ♀). Það er erfitt að kalla þessa leturgerð fram í venjulegum ritvinnsluforritum en í meginatriðum virkar þetta þannig að karlkyns ör eða kvenkyns kross er hengd við bókstaf eins og í orðinu *dressed* (s + ♀ = §) í þessu dæmi: „I go into town dressed as I am as little as possible [...]“. Bókstafurinn gefur þannig kyngervi til kynna án þess að orðið þurfi að búa yfir málfræðilegu kyni. Sögumanneskjan er þarna sem sagt merkt sem kvenkyns. Rose finnst þessi aðferð vera hárfín en margslungin enda séu orðin lítið áberandi við fyrstu sýn en feli samt í sér grundvallarmismun.<sup>2</sup>

Eftir fyrirmynd de Lotbinière-Harwood, sem bjó t.d. til orðið „*auther*“ og notaði hástafi til áhersluauka, myndar Rose einnig orð sem sameina kynjamerkingu og hefðbundin ómörkuð orð, t.d. „I think something of our little friendship has been discovered; you, on your loneSONe are the cause: why do you whisper in my ear?“ og „Monsieur de Maulny, at my request, had had his hair cut in the style of a man, so that after I LA(d)Y down he appeared in a *robe de chambre*.“<sup>3</sup> Í þessari aðferð felst enn frekari framandgerving en í tilbúnu bókstöfunum. Samt er hún að mati Rose réttlætanagerleg enda sé andrúmsloftið í þessum kafla þrungið karnivalisma. Orðum á borð við „LA(d)Y“ og „loneSONe“ sé því ekki ætlað að fara leynt með neitt. Þessar þýðingaradferðir, segir Rose, endurspeglar hinseginleikann sem felst í textanum sjálfum. Þar að auki geti hún með þeim skjönað textann (e. *queer the text*) á tvennan hátt því hún noti málvísindalega óvenjuleg form.<sup>4</sup> Þetta komi jafnt til móts við lesanda sem langi að draga kynjanormin í efa

1 Sama rit, bls. 38.

2 Sama rit, bls. 39.

3 Sama rit, bls. 39–40, *robe de chambre* skáletrað hjá höfundu.

4 Sama rit, bls. 39.



og lesanda sem geti sjálf(ur) ekki fundið sig í textum sem innihalda niðurnjörvaðar sjálfsmyndir. Aðferðirnar leyfi þannig tjáningu á fljótandi kyngervi (e. *gender fluidity*) og sjálfsíhugun en að sama skapi séu þær skeikular enda vísi þær í og með til tvíkynjakerfisins.

Þó að textinn sé sögulegur og ekki sé hægt að færa orðræðu 21. aldar yfir á 17. öld er Rose sannfærð um að Choisy flakki á milli þess að stunda klæðskipti og að vera transkona eða manneskja með trans kynvitund (e. *trans gender*). Ef gengið er út frá því að klæðskipti undirstriki ekki einfaldlega tvíkynja framsetningu heldur dragi hana í efa leiðir það til hugmynda Butlers um að kynjun (e. *gendering*) sé ævinlega og einungis mátun á og nálgun að kyngervisímyndum en alls ekki bara endurtekning og staðfesting á þeim. Ef það er rétt er ekkert upprunalegt kyngervi (e. *original gender*) til heldur einungis eftirlíkingar (e. *imitations*) án eiginlegs uppruna. Eftirlíkingarnar kalla þannig einungis fram hugmyndina um hið upprunalega og því um leið um eftirlíkingarnar af því. Að mati Rose er auðveldlega hægt að yfirfæra þessa túlkun á kyngervi án uppruna á þýðingar. Eins og klæðskipti skopstæli upprunalegt kyngervi sem í raun sé ekki til, skopstæli þýðingar upprunatextann sem sé einnig vandkvæðum bundinn.<sup>1</sup> Þótt Rose vilji ekki alveg afneita tilvist frumtexta hafnar hún samt þeirri hugmynd að frumtextinn sé ætíð upprunalegur og ráðandi. Á öðrum sviðum innan þýðingafræði hafa þegar komið fram svipaðar hugmyndir sem draga gildi frumtextans í efa og er umræða um stiklutexta hér að ofan eitt dæmi um slíkt. Einnig mætti tengja rannsóknir á „þýðingum án frumtexta“ við þessar hugleiðingar.<sup>2</sup> Hér er því komið að afar áhugaverðum vegamótum þar sem þýðingafræði og hinsegin fræði mætast í ámóta hugleiðingum.

Í þeim kafla þar sem Choisy kemur ekki fram sem karlmaður sem klædist kvenfötum heldur manneskja sem upplifir sjálfa sig sem konu ákveður þýðandinn að fjarlægja öll tengsl við tvíkynjakerfið og nota orð sem vísa í hvorugt kynið, t.d.: „I put de La Grise on the other side of the bed, nearest the guests, like the night before; ze turned onto hir back (ze

1 Sama rit, bls. 42.

2 Dæmi um þýðingafræðilega umræðu um „þýðingar (eða eftirlíkingar) án frumtexta“ má finna hjá Gauta Kristmannssyni en þó í allt öðru samhengi. Hann rannsakar íslenskar og þýskar ljóðabýðingar á 18. og 19. öld og kemst að þeirri niðurstöðu að ýmis dæmi megi finna um þýðingar án frumtexta. Það sem hann á við er tvennt, í fyrsta lagi að þýðingarsambandi sé afneitað og t.d. einungis talað um að skáld hafi ort „eftir fyrirmynd“ annars skálds en í öðru lagi að skáld innleiði nýtt (jafnvel fornt) eða erlent form í markmenninguna sem sé þá í raun „þýðing“ á formi en ekki inntaki. Sjá: Gauti Kristmannsson, „Fleira fer á milli mála en orðin ein“, *Jón á Bægisá – tímarit þýðenda*, 2006, bls. 56–69.

knew exactly how ze needed to be and I advanced on hir to kiss hir.<sup>1</sup> Hér hafði Rose það að leiðarljósi að leyfa lesandanum að túlka og vefengja textann í stað þess að setja hann (hana, hán) í hlutverk óvirks viðtakanda. Vegna þess að hér var ekki um karnivalískt samhengi eða drag að ræða heldur dulbúning þurfti þó að velja aðferðir sem væru að vísu líka framandi en miðuðu samt við raunveruleikann nú á dögum. Auk þess nefnir Rose að fyrir lesendahóp sem hefur áhuga á kynhlutlausum persónufornöfnum sé þessi málnotkun ekki heldur sérlega nýstárleg. Á íslensku er notkun kynhlutlausra persónufornafna að vísu nýstárlegri en á ensku en samt ekki alveg óþekkt. Þannig er stækkandi hópur einstaklinga farinn að nota persónufornafnið *hán* sem beygist *hán, hán, háni, hás*. Enn eru fáar prentaðar heimildir til en femíníska veftímaritið *Knúz* hefur birt tvær greinar um efnið.<sup>2</sup> Undirliggjandi þýðingaraðferðinni sem Rose valdi er viðleitni til að storka tvíkynjakerfinu. Ef markmiðið er að opna huga fólks fyrir þeim möguleika að kyngervi geti staðið utan tvenndarkerfisins þarf að hætta að vísa til kynjanna tveggja, segir þýðandinn. Að fjarlægja kyngervi úr marktöxtanum er þannig ein leið til að skjöna textann og viðtökurnar en færir lesendum að sama skapi aukin völd í hendur.

Augljóslega stuðlar þýðing af því tagi ekki að auðveldum lestri, þvert á móti eru gerðar kröfur til lesenda. Þetta er hins vegar einmitt í samræmi við almenna stefnu hinsegin fræða sem vilja storka og ögra fyrirframgefnum hugmyndum og láta reyna á tilbúin kerfi; eða eins og Dagný Kristjánsdóttir orðar það svo skemmtilega, þau einkennast „af uppreisn og eindregnum brotavilja gagnvart hefðbundinni hugsun“.<sup>3</sup> Rose notar fleiri þýðingaraðferðir sem miða að því að veita viðnám og gera þýðandann sýnilegan. Þannig bætir hún neðanmálgreinum við og notar frönsk greinarmerki í enska textanum. Einnig leyfir hún frönskum orðum að standa án þýðingar en skáletrar þau til áhersluauka, eins og sjá má í dæmum hér að framan. Þetta eru aðferðir sem ganga vísvitandi út á vissa truflun og blöndun.

Einn mest lesni og þýddi höfundur Íslendinga, Arnaldur Indriðason, leikur sér í bókum sínum gjarnan að kynóvissu aðal- eða aukapersóna. Þetta er þó ekki það sama og að nota kynhlutlaust tungumál eins og lýst

1 Emily Rose, „Revealing and concealing the masquerade of translation and gender: Double-crossing the text and the body“, bls. 44.

2 Alda Villiljós, „Hán – nýtt persónufornafn?“, *Knúz – femínískt vefrit*, 9. september 2013, sótt 7. júlí 2017 af: <https://knuz.wordpress.com/2013/09/09/han-nytt-personufornafn/>; Katrín Harðardóttir, „Leynardómar fornafrna og femínísk málstýring“, *Knúz – femínískt vefrit*, 19. febrúar 2016, sótt 8. júlí 2017 af: <https://knuz.wordpress.com/2016/02/19/leynardomar-fornafna-og-feminisk-malstyring/>

3 Dagný Kristjánsdóttir, „Skápur, skápur, herm þú mér ...“, bls. 290.

hefur verið hér að ofan. Frekar má tala um kynleynd en kynhlutleysi, enda er kyngervi persónanna einungis leynt fyrir lesendum. Frægasta dæmið er Marion Briem sem stígur í *Einvíginu* úr aukahlutverki sínu sem hann/hún/hán hefur gegnt í öðrum bókum og verður að aðalpersónu. Sérnafnið Marion þykir órætt á íslensku þótt það sé lítill vafi á kyni þess í öðrum tungumálum. Þýski þýðandinn grípur til þess ráðs að láta Marion heita Marian, enda væri upprunalega nafnið ótvírætt kvenkyns á þýsku.<sup>1</sup> Þar sem Marian hljómar eins og kvennafn en er útbreitt karlmannsnafn í nokkrum löndum Austur-Evrópu svipar því kannski til túlkunar á nafninu Marion á íslensku. Athyglisverður munur liggur samt í því að pólska eða búlgarska nafnið Marian er nokkuð þekkt sem karlmannsnafn, a.m.k. í Austur-Þýskalandi, á meðan Marion er á Íslandi oftast skráð sem kven- en karlmannsnafn. Hugrenningatengslunum er því snúið við í þýðingunni. Aðdáunarvert er hvernig Arnaldí tekst að beita íslensku máli með öllum sínum beygingarkerfum á þann hátt að kyngervi persónunnar uppljóstrist ekki en Ása Bryndís Gunnarsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson hafa greint aðferðirnar frá málvísindalegu sjónarhorni.<sup>2</sup>

Í bókinni *Betty* leynir Arnaldur einnig kyngervi aðalpersónunnar sem jafnframt segir frá í fyrstu persónu.<sup>3</sup> Hér er þó miklu meiri hinsegin leikur í gangi þar sem persónan á í leynilegu ástarsambandi við konu en þetta samband er miðlægt í sögunni. Framan af er það hins vegar algjörlega í hendur lesandans lagt hvernig textinn er túlkaður og hvort það sé ljóst frá upphafi að um lesbískt ástarsamband sé að ræða eða komi á óvart þegar ljóstrað er upp um kyn sögumanneskjunnar um miðbik sögunnar. Þýska þýðingin heldur sig við svipaða tækni og notuð er á íslensku en ópersónulega formið „man“ veldur því að fremur auðvelt er að leyna kyngervi. Aftur á móti virðast kynferðislegar (þ.e. lesbískar) skírskotanir í upphafi bókarinnar vera allmikið tempraðar í þýðingunni og einnig er dregið úr tvíræðni í textanum.<sup>4</sup> Í tilvikunum sem hér eru nefnd er það því ekki þýðingin sem slík sem gerir miklar kröfur til lesandans. Frekar er það frumtextinn sem er margræður á köflum en þýðingin þarf að koma því til skila á öðru tungumáli. Áhugavert væri að bera saman þýðingar á bókum Arnaldar á ýmsum tungumálum og skoða aðferðirnar nánar.

1 Arnaldur Indriðason, *Nordermoor*, þýð. Coletta Bürling, Bergisch Gladbach: Bastei Lübbe, 2003.

2 Ása Bryndís Gunnarsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson, „Mál og kynóvissa í íslensku. Ráðgátan um Marion Briem“, *Ritið* 3/2015, bls. 113–135.

3 Arnaldur Indriðason, *Betty*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2003.

4 Arnaldur Indriðason, *Tödliche Intrige*, þýð. Coletta Bürling, Bergisch Gladbach: Bastei Lübbe, 2005.

#### 4.2. Blöndun og skjönun

Í nokkrum dæmum hér að ofan hefur blöndun sem þýðingaraðferð þegar komið við sögu. Þýðingafraðingurinn Michela Baldo kemst í rannsóknum sínum að áhugaverðum niðurstöðum einkum hvað blöndun tungumála, texta og sjálfsmynda varðar.<sup>1</sup> Hún hefur áhuga á skrifum hinsegin kvenhöfunda sem eiga það sameiginlegt að vera af annarri kynslóð ítalskra innflytjenda í Kanada. Hún túlkar það að vera hinsegin og að vera innflytjandi sem endurtekna hreyfingu úr stað eða sem „frá-flutning“ (e. *dis-placement*) og líkir ferlinu við tvöfalda díaspóru. Í þeim tilfellum sem hún rannsakar á díaspóra meira að segja við í bókstaflegri merkingu. Sem meðlimir innflytjendafjölskyldna voru þessar hinsegin konur nú þegar komnar „úr stað“, þ.e. aldar upp í öðru landi. En þar við bættist að þær þurftu að flytja í annað sinn vegna þess að hinar hefðbundnu ítölsku fjölskyldur þeirra gáfu þeim ekki svigrúm til að lifa hinsegin lífi í heimaborgum sínum. Þær settust því að í öðrum borgum og í hinsegin samfélagi. Baldo skoðar sérstaklega safnritið *Curraggia* sem konurnar settu saman og gáfu út. Sjálfur titillinn er tungumálablanda sem þar að auki leikur sér að kyngervi, enda stendur orðið fyrir *courage* á ensku en er dregið af suðurítalska karlkynsordinu *curraggia* sem hefur fengið kvenkynsendingu og táknar því eindregið kvenlæga dirfsku eða hugrekki.<sup>2</sup> Bókin geymir reyndar ekki þýðingar í eiginlegri merkingu heldur frumtexta sem fela á vissan hátt í sér þýðingar í málvísindalegum og menningarlegum skilningi. Einnig er í bókinni safnað saman ýmsum texta- og bókmenntategundum. Hér er því vísitandi unnið út frá alls konar skörun og blöndun.

Þar sem *Curraggia*-konurnar eru tvítyngdar eru þær vanar að skipta um tungumál eða blanda tungumálum í daglegum samskiptum, eins og gerist hjá innflytjendum. Þegar um texta þeirra er að ræða verður samt að skoða málvíxlin (e. *codeswitching*) á öðrum forsendum. Hér eru þau notuð sem textatækni sem er þrungið sérstakri merkingu þar sem höfundarnir blanda vísitandi saman ítölskum mállýskum, ítölsku og ensku. Þetta takmarkast þó ekki aðeins við útlensk orð og erlendar setningar sem slæðast inn í enska texta eins og í þessum ljóðlínum: „... All of you flourishing wildly / in my soul / ,Lesbian? Va Nabola! You think / you're different from us? / You think your life will be free / of pain? / Non farmi ridere!“<sup>3</sup> Blöndun á sér einnig stað innan orða og í gegnum stafsetningu, þegar t.d.

1 Michela Baldo, „Queer in Italian-North American Women Writers“, *Graduate Journal of Social Science* 5/2008, bls. 35–62.

2 *Curraggia: Writing by Women of Italian Descent*, ritstjórn ekki tilgreind, Toronto: Women's Press, 1998.

3 Baldo, „Queer in Italian-North American Women Writers“, bls. 52.

persónufornafnið *I* er í enskum texta annað slagið skrifað með litlum staf eins og á ítölsku: „... at the kitchen table / reunited/ with parts of myself / i'd always run from/ guilt / for having hated my ethnicity / rage / ... feeling I'm drawing attention / to myself / marginalised ethnic dyke ...“ eða þegar ítalska orðið *mamma* er skrifað með rangri (enskri) stafsetningu í ítölskum klausum sem blandast inn í enskan texta: „... mia mama, i miei parenti, tutti / Molti avi / ieri sera / some dead / some still living ...“<sup>1</sup> Þótt þessir stuttu bútar gefi litla innsýn í ljóðin í heild má samt sjá að inntakið í þeim er glíman við óstöðuga og viðkvæma sjálfsmýnd sem er samansett úr mörgum brotum. Málvíxlin þjóna hér þeim tilgangi að beina athyglinni einkum að þessum þáttum. Þau gera lesendum kleift að skynja hvernig tveir (eða fleiri) menningarheimar etja kappi hvor við annan. Hvorki ítalskan né enskan er alveg ráðandi í textunum og hvorug sleppur við „mengun“ frá hinu tungumálinu eða hinu kerfinu. Öllu heldur verður til blöndun á grundvelli margtyngis (e. *hybridity by multilingualism*). Þessi blöndun bendir til þess að menningarheimar mætist ekki endilega við skýr og afmörkuð landamæri, þvert á móti lifa og hrærast einstaklingar, fjölskyldur og þjóðir innan um alls konar snertifleti. Til að lýsa tjáningu sjálfsmýnda sem finna má í textasafni kvennanna býr Baldo til orðið *trans-queer* sem hún setur saman úr *translation* og *queer* og mætti íslenska sem „skjönþýðingu“. Í frásögninni sem liggur til grundvallar sjálfsmýndum einstaklinganna skarast og blandast margvíslegir þættir þvert yfir menningarmæri og menningarbundin gildi en einnig þvert yfir mörk kyngervis og kynvitundar og því má kalla hana skjönþýdda. Skjönþýdd frásögn (e. *transqueer narration*) sem mótar sjálfsmýndina sífellt upp á nýtt er á hinn bóginn einnig drifin áfram af ótta við að ganga í gildru stöðugleikans.<sup>2</sup> Hún tjáir firringu hinsegin manneskju frá fjölskyldu sinni og uppruna sínum. En hún tjáir einnig að þessi sama fjölskylda, sem hún er að fjarlægjast, hafi áður upplifað svipaða firringu þegar hún flutti búferlum í annan menningarheim og þurfti að glíma við þversagnakenndar kröfur, nefnilega að aðlagast hinum nýju gildum í nýjum menningarheimi og að halda samtímis í sín eigin gildi og einkenni. Sjálfsmýnd sem þannig er samsett eða „á skjön“ við margvíslega reynsluheima er ekki hægt að kyrrsetja eða fastmóta. Textarnir og tungumálið í þeim bera því ýmis merki þessarar skjönþýðingar.

### 5. Samantekt

Í þessari grein var gengið út frá því að þýðingar geti verið hápólítískar.

1 Sama rit, bls. 50–52.

2 Sama rit, bls. 56.

Þýðendur, útgefendur og aðrir sem koma að textagerð velja frumtexta og hagræða þýðingum. Ójöfnuður er oftast en ekki viðriðinn þýðingar og er þá m.a. átt við valdaójafnvægi á milli tungumála og menningarheima en einnig ójafna stöðu höfundar og þýðanda sem þar að auki er kynjuð á þann hátt að hallar á kvenlægu hliðina. Ríkjandi viðmið um læsileika og reiprennsli í þýddum textum ýta undir þýðingaradferðir sem sem valda því að þýðingastarfið er enn fremur lítt sýnilegt. Femínísk og hinsegin þýðingafræði eru viðbrögð við þessari stöðu enda beinist gagnrýni femínista og hinsegin aðgerðasinna að stórum hluta að ósýnileika kvenna og hinsegin fólks, ekki bara í textum og textagerð heldur almennt í samfélaginu.

Femínísk og hinsegin þýðingafræði miða að því að rannsaka þýðingarferlið, þýðingaradferðir og þýdda texta út frá ákveðnu sjónarhorni. Í þessari grein er sérstök áhersla lögð á þýðingaradferðir sem hægt er að beita til að stemma stigu við ósýnileika. Það eru t.d. íhlutunaraðferðir (t.d. *hijacking*, *womanhandling*, *transformance*) sem benda á og gagnrýna undirliggjandi hugmyndafræði texta (t.d. kvenhatur, karlrembu, hinseginfælni, þöggun) og grafa jafnvel undan henni. Þýðendur verða sýnilegir og heimta atbeina þegar þeir bæta við athugasemdum um höfundinn eða inntakið eða rökstyðja markmið þýðingarinnar, þýðingarferlið og þýðingarákvarðanir fyrir lesendum, t.d. í hliðartextum. Einnig geta þeir flikað sinni eigin túlkun á textum með grafískum og öðrum textaaðferðum, með því að búa til ný orð eða ljá orðum nýja merkingu. Samvinna við höfundinn eða aðra þýðendur sem og textatengsl þvert yfir menningarmæri eru aðferðir sem geta steipt frumtextanum af stóli og gera túlkunina sem felst í þýðingunni sýnilegri en ella. Notkun tungumáls sem annað hvort er vísitandi kynjað eða kynhlutlaust er aðferð sem getur afhjúpað kyngervi sem gjörning eða komið til móts við ákveðna samfélagshópa (konur, hinsegin einstaklinga). Aðferðir af þessu tagi ýta einnig undir virkni lesenda sem þurfa að leggja frekar á sig í túlkunarferlinu. Þannig er jafnvel hægt að leyfa þeim að eiga hlutdeild í skjönun texta. Í þýðingum af þessu tagi kvikna spennandi spurningar um uppruna og eftirlíkingar á sviði kyngervis en einnig þýðinga. Einnig er bent á að hægt er að útvíkka þýðingarhugtakið í frumtextagerð sem notar málvíxl, blöndun og skjönun sem tækni en fer fram á menningarmærum, t.d. á milli tungumála, en einnig í menningarheimi sem er á skjön við hið ríkjandi karllæga, tvíkynja og gagnkynhneigða norm.